

Viðbrögð við jarðskjálfta

- Mikilvægt er að halda ró sinni barnanna vegna og skapa ekki óþarfa spennu.
- Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu.
- Reyndu frekar að leita skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyra t.d. út í horni við burðarveggi fjarri gluggum, undir borði, í dyragætt. Reyndu alltaf að skýla höfði.
- Ef þú ert sofandi í hvíld með börnum og vaknar upp við jarðskjálfta, haltu þá kyrru fyrir og notaðu kotta eða dýnu til að verja höfuðið og biðu börnin að gera slíkt hið sama.
- Bíddu eftir aðstoð eða boðum um að rýma húsnæðið. Ef engin aðstoð berst verður kennari/starfsmaður að meta aðstæður. Ef talið er öruggt að yfirgefa húsnæðið skal það gert samkvæmt rýmingaráætlun.
- Þegar skólinn er yfirgefinn skal safnast saman á söfnunarsvæði vestan skólans.

Ef það verður jarðskjálfti hafið þá eftirfarandi í huga:

Húsgögn

Varist húsgögn sem geta hreyfst úr stað.

Innihald skápa

Varist hluti sem detta úr hillum og skápum, sérstaklega í eldhúsi.

Ofnar og kynditæki

Haldið ykkur fjarri ofnum og kynditækjum sem hendast út af festingum.

Lyftur

Notið ekki lyftuna.

Rúðbrot

Varist stórar rúður sem geta brotnað.

Byggingarhlutar


Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingunni brotnað af. Haldi ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hætta er á hrynjandi byggingahlutum.

Gott er að setja á minnið orðaröðina:

KRJÚPA - SKÝLA - HALDA

Viðbrögð við jarðskjálfta í Árskógarsskóla

Gæta þess að verða ekki fyrir hlutum sem kunna að falla, með því m.a. að:



Fara út í horn burðarveggja, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér ef unnt er.

Fara í hurðarop, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér.

Fara undir borð, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** og **HALDA** í borðfót.

Unnið samkvæmt viðbragðsáætlun Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra.

Haust 2012